



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 12. október 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Kristín B. Leifsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Kjörskrá vegna Alþingiskosninga

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna Alþingiskosninga sem fram fara 29. október nk. ásamt bréfi frá Þjóðskrá Íslands dags. 26. september 2016 þar sem forsendur og gerð kjörskrárinnar eru skýrðar. Þar kemur m.a. fram að þeir eigi kosningarétt sem uppfylli þau skilyrði að vera íslenskir ríkisborgarar og vera orðnir 18 ára þegar kosning fer fram. Kjörskráin sé byggð á framangreindum forsendum. Viðmiðunardagur kjörskrárinnar sé 24. september 2016.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi kjörskrá og staðfesti hana.

### 2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2017

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2017 þar sem m.a. kom fram:

- Álagning útsvars verði óbreytt frá yfirstandandi ári 14,52% en útsvarstekjur verði lægri en áætlun 2016 gerði ráð fyrir.
- Yfirlit um álagningu fasteignagjalda 2012-2016 og tillaga að álagningu 2017.
- Útreikningur á breyttum álagningastuðlum fasteignagjalda.
- Yfirlit um framlög Jöfnunarsjóðs sl. 8 ár.
- Þjónustutekjur muni hækka almennt um 3%.
- Almennt verði miðað við 3,9% verðlagshækkunar.
- Áhrif gjaldskrárhækkunar í leikskóla og almennt um gjaldskrárbreytingar.

Einnig lá fyrir fundinum minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda 2017 og fjárhagsáætlun til þriggja ára, dags. 30. ágúst 2016.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi forsendur og undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar almennt. Fram kom að taka þurfi fjárhagsáætlun til fyrri umræðu fyrir 1. nóvember og að gerð fjárhagsáætlunar þurfi að vera lokið fyrir 15. desember.

### 3. Félagslegar íbúðir

#### a. Gjaldskrá leigu

Fyrir fundinum lá yfirlit um leiguverð íbúða í eigu sveitarfélagsins þar sem kemur fram hvað leiguverð er á fermetra íbúða og hvert er hæsta og lægsta gildi leiguverðs jafnframt var lagður fram samanburður leiguverða í öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. Umræða varð um leiguverð og hvort þurfi að endurskoða það til hækkunar. Samþykkt að hækka leigu á íbúðarhúsnæði um 10% frá 1. nóvember að telja eða að afloknum uppsagnarfrestum leigusamninga. Jafnframt samþykkt að bjóða leigjendum að kaupa viðkomandi íbúðir.



b. Umsóknir

Fyrir fundinum lá umsókn um félagslega leiguíbúð. Umfjöllun og afgreiðsla skráð í trúnaðarbók.

c. Sala íbúða

Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa íbúðirnar að Suðurvegi 10 og 14 og Túnbraut 5, 2hth. og Túnbraut 9, 1.h.tv. til sölu. Sveitarstjóra falið að óska eftir verðmati og fela fasteignasölu umboð til sölu þeirra.

#### 4. Umsókn um uppbyggingu innviða fyrir rafbíla

Fyrir fundinum lá umsókn sem Vistorka hafði sent inn til Orkusjóðs í nafni sveitarfélaga á Norðurlandi með fyrirvara um samþykki þeirra. Sótt er um styrk til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla á Norðurlandi. Markmið verkefnisins er að á Norðurlandi verði hægt að ferðast um á rafbíl án þess að þurfa að hafa áhyggjur af drægni og aðgengi að rafmagni. Einnig er gert ráð fyrir að netið muni stuðla að aukinni notkun raforku tengiltvinnbíla. Í umsókninni er gert ráð fyrir að á Skagaströnd verði komið upp 64 amp hleðslustöð.

Sveitarstjórn ræddi málið en frestaði afgreiðslu þess og fól sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga um verkefnið.

#### 5. Erindi Norðurár bs um ábyrgð

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar Norðurár bs. þar sem óskað er eftir að aðildarsveitarfélög Norðurár bs. veiti byggðasamlaginu einfalda ábyrgð á láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veð í tekjum fyrir því. Ábyrgðin er hlutfallsleg eftir eignarhlut í Norðurár bs. sem var skv. ársreikningi 2009 skilgreindur hlutfallslega miðað við innborgað stofnfé:

Sveitarfélagið Skagafjörður .....	64,8%
Akrahreppur.....	3,45%
Blönduósbær.....	14,27%
Sveitarfélagið Skagaströnd.....	8,52%
Húnavatnshreppur.....	7,34%
Skagabyggð.....	1,62%

Svohljóðandi var bókað um ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Norðurár bs. sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Norðurár bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 250.000.000 kr. til allt að 8 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Norðurár bs. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til gerðar urðunarstaðarins Stekkjarvíkur við Sölvabakka sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.



Sveitarstjórn Skagastrandar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Norðurár bs. til að breyta ekki ákvæði samþykka Norðurár bs sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Sveitarfélagið Skagaströnd selji eignarhlut í Norðurá bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Sveitarfélagið Skagaströnd sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452-4679 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

## 6. Tilnefning í Gróður- og náttúruverndarnefnd

Í samningi um gróður og náttúruverndarnefnd Austur- Húnavatnssýslu er kveðið á um að nefndin sé skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi samkvæmt tilnefningu Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda sbr. lög nr. 17/1965 um landgræðslu. Fyrir fundinum lá tilnefning frá Búnaðarsambandinu þar sem lagt er til að fulltrúi Skagastrandar verði Þröstur Líndal, Hólabraut 26 og til vara Einar Haukur Arason, Fellsbraut 4. Sveitarstjórn staðfesti tilnefninguna.

## 7. Bréf:

- a. Mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 6. október 2016

Með bréfinu er kynnt verkefnið Kóðinn 1.0 sem unner í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Ríkisútvarpið og Menntamálastofnun. Verkefnið felst í að Micro:bit, forritanleg smátölva verðu gefin öllum grunnskólabörnum í 6. og 7. bekk. Markmiðið er að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna og auka vitund þeirra um mikilvægi forritunar. Með bréfinu hvetur ráðuneytið grunnskóla til að nýta tækifærið og dreifa smátölvunni Micro:bit til allra nemenda sinna í sjötta og sjöunda bekk. Bréfið var til kynningar.

- b. SSNV, dags. 30. september 2016

Með bréfinu sem er tölvubréf er vakin athygli á vef Póst og fjarskiptastofnunar um uppbyggingu ljósleiðarakerfa. Sveitarstjóra falið að hafa sambandi við Póst og fjarskiptastofnun og sækja um stuðning til ljósleiðaratenginga sem eftir er í sveitarfélaginu þegar opnað verður fyrir þær.

- c. Dimension of Sound, dags. 22. ágúst 2016

Fyrir fundinum lá erindi frá frumkvöðlaverkefni Dimension of Sound þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 1.300 þús. til uppbyggingar og markaðssetningar á framleiðslu fyrirtækisins. Samþykkt með þremur atkvæðum gegn einu að veita félaginu styrk að upphæð 700 þús. til markaðssetningar.

- d. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið, dags. 6. september 2016

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017. Með auglýsingunni er bæjar- og sveitarstjórnnum gefin kostur á að sækja um byggðakvóta.



Fyrir fundinum lá einnig umsókn sveitarstjórnar um byggðakvóta sem hafði verið til umfjöllunar og afgreiðslu með tölvupóstu og hafði þegar verið sent ráðuneytingu.  
Sveitarstjórn staðfesti umsóknina.

e. Framkvæmdastjóra EBÍ, dags. 27. september 2016

Með bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu 2016 þar sem hlutdeild sveitarfélagsins er 365.000 kr. Bréfið var til kynningar.

f. Sambands íslenskra sveitafélaga, dags. 26. ágúst 2016

Bréfið er stílað til rekstraraðila grunnskóla og fjallar um úthlutanir úr námsgagnasjóði og úthlutanir til hvers skóla.

Bréfið var til kynningar.

g. Félags stjórnenda leikskóla, dags. 24. ágúst 2016

Með bréfinu er komið á framfæri hvatningu samráðsfundar Félags stjórnenda leikskóla um að sveitarstjórnarfolk og ráðamenn í leikskólamállum nýti sérfræðipækkingu leikskólastjórnenda við ákvarðanatöku um leikskólamála.

Bréfið var til kynningar.

h. Steins Rögnvaldssonar, dags. 5. október 2016

Með bréfinu sem er ritað fyrir hönd smábátafélagsins Skalla er bent á að úthlutunarreglur byggðakvóta á Skagaströnd séu með þeim hætti að hver sem fær úthlutað einu tonn af byggðakvóta þurfi að leggja upp tvö tonn á móti. Í öðrum byggðalögum á félagssvæði Skalla gildi hins vegar reglan tonn á móti tonni. Óskað er eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir að færa þennan þátt úthlutunarregla byggðakvóta til samræmis við það sem gildir í öðrum bæjarfélögum á svæðinu. Bréfinu vísað til umræðu um reglur um byggðakvóta sem verða til umfjöllunar þegar/ef byggðakvóta verður úthlutað til sveitarfélagsins.

i. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. september 2016

Með bréfinu er fjallað um utakjörfundaratkvæðagreiðslu vegna Alþingiskosninga 2016. Vísað er til tilraunaverkefnis með utarkjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga í sumar. Sambandið hvetur sveitarfélög til að taka þátt í tilraunaverkefni með utakjörfundaratkvæðagreiðslu vegna Alþingiskosninganna.

Við umræðu kom fram að utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé mjög vel fyrir komið í samstarfi sýsluskrifstofu og formanns kjörstjórnar og því sé ekki þörf á þátttöku í verkefninu.

Bréfið var til kynningar.

## 8. Fundargerðir:

a. Samráðshóps um málefni fatlaðra, 23.06.2016

Fundargerðin var til kynningar.

b. Þjónusturáðs um málefni fatlaðra, 7.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.



- c. Þjónusturáðs um málefni fatlaðra, 6.10.2016

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún, 27.09.2016

Meðfylgjandi fundargerðinni var ársreikningur byggðasamlagsins fyrir árið 2015.

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar sérstakar athugasemdir við ársreikninginn.

- e. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 19.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.

- f. Stjórnar Norðurár bs., 8.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.

- g. Stjórnar SSNV, 6.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.

- h. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 19.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.

- i. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 2.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.

## 9. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson